

Alþingi
Erindi nr. P 122/1314
komudagur 19/3 '98

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 1998

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, mál nr. 480.

Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og vilja af því tilefni gera eftirfarandi athugasemdir.

1 Þrír meginflokkar áfengisgjalds

Samtökin gera engar athugasemdir við þessa þrískiptingu og telja hana að mörgu leyti skynsamlega. Á hinn bóginn eru þau ósátt við tillögur frumvarpsins um áfengisgjaldið sjálft. Frumvarpið gerir ráð fyrir að áfengisgjald af öli verði óbreytt en lækki um 10% af víni og hækki lítillega af sterku áfengi. Það vekur athygli að í þeim eina flokki áfengis þar sem um umtalsverða íslenska framleiðslu er að ræða er ákveðið að láta gjaldið vera óbreytt. Þetta er þeim mun undarlegra vegna þess að í allri umræðu þar sem ferðaþjónusta, erlenda ferðmenn og áfengisverð ber á góma virðast flestir sammála um að verð á öli hérlendis sé það sem brýnast sé að lækka til þess að koma til móts við þarfir þorstlátra ferðamanna. Þetta er sömuleiðis á skjön við almennt viðtekin viðhorf hérlendis um að heppilegra sé að beina neyslu áfengis að léttari tegundum áfengis fremur en sterkum. Rétt er að geta þess að þegar framleiðandi öls selur 30 lítra kút af öli til ÁTVR fyrir 2.200, kostar hann 9.900 frá ÁTVR til veitingamannsins. Þá hefur verð ölsins hækkað um ca. 350%. Miðað við að meðalverð á ½ lítra krús af öli á bar sé u.þ.b. 500 kr. selur veitingamaðurinn kútinn á 30.000 kr. Verð ölsins hefur þá hækkað um 200% frá ÁTVR til neytandans og um u.þ.b. 1.260% frá framleiðandanum til neytandans. Hlutur framleiðandans í seldri ölkrús er tæpar 37 kr. eða u.þ.b. 7,4%, hin 92,6% eru áfengisgjald og önnur opinber gjöld að ógleymdri ríflegri álagningu veitingamannsins.

Samtökin telja því eðlilegt og leggja til að áfengisgjald á öli verði lækkað, t.d. um 10% og verði 52,83 kr. í stað 58,70 kr. eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

2 Álagning færð til ríkisskattstjóra


Að mati Samtaka iðnaðarins er skynsamlegt og til þess fallið að auka réttaröryggi og styrkja framkvæmd að hafa álagningu og eftirlit á sömu hendi hjá embætti ríkisskattstjóra eins og ráð er fyrir gert í 4. gr. frumvarpsins. Hér gilda að mörgu leyti sömu rök og Samtökin settu fram í umsögn sinni dagsettri 25. febrúar 1998 til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, mál nr. 347, álagning, eftirlit o.fl.

3 Undanþága frá gjaldskyldu eða endurgreiðsla vegna áfengis til iðnþarfa

Samtökin telja til mikilla bóta að fá inn skýr ákvæði um að áfengisgjald af áfengi sem notað er í iðnaði skuli felld niður eða endurgreitt. Það tekur af öll tvímæli um að sá iðnaður sem notar áfengi við framleiðslu sína er undanþeginn áfengisgjaldi í stað þess að það fari eftir geðþótta ráðherra hverju sinni hvort hann kýs að nota heimildir sínar til þess að fella gjaldið niður.

Samtök iðnaðarins leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem um getur hér að framan.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri